



Bæjarráð Akraneskaupstaðar

Akranes, 28. maí 2019

PHJ

Efni: Rekstrarniðurstaða samstæðureiknings á tímabilinu janúar til lok mars mánaðar á árinu 2019

A-hluti

Rekstrarreikningur

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð og nam 110,3 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 137 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði nam 105,5 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 128 m.kr. rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði.

Rekstrartekjur tímabilsins námu samtals 1.703,7 m.kr. og voru því samtals 13,2 m.kr. undir áætlun eða sem nemur -0,8%. Helstu frávik á tekjum tímabilsins voru þær að Endurgreiðslur eru 25,3 m.kr. undir áætlun tímabilsins, það frávik er tilkomið vegna áætlaðra tekna af Dalbrautarreit sem er dreift á verktímabil en erfitt er að spá fyrir um raun framgöngu verksins og þar af leiðandi um raun greiðslur af verkefninu.

Tekjur samtals	Bókað	Áætlun	Frávik í kr.	Frávik í %
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs	-1.209.348.307	-1.207.562.289	-1.786.018	0,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	-291.166.860	-290.161.656	-1.005.204	0,3%
Arður af eignum	-17.808.471	-17.408.955	-399.516	2,3%
Endurgreiðslur	-24.357.389	-49.651.323	25.293.934	-50,9%
Aðrar tekjur	-160.988.504	-152.061.952	-8.926.552	5,9%
Samtals	-1.703.669.531	-1.716.846.175	13.176.644	-0,8%

Heildargjöld tímabilsins námu samtals 1.551 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir gjöldum að fjárhæð 1.540 m.kr. og eru gjöld tímabilsins því rúmum 11 m.kr. yfir því er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur 0,7%.

Helstu frávik á gjöldum tímabilsins eru þau að launagjöld án lífeyrisskuldbindinga er 34,5 m.kr. yfir áætlun (3,6%) en þjónustu- og orkukaup eru 14,4 m.kr. undir áætlun (-5,1%).

Launagjöld án lífeyrisskuldbindinga er rúmum 34 m.kr. yfir áætlun (3,6%), þar af er áfallið orlof 12 m.kr. frá áætlun þ.e. áætlun er 12 m.kr. undir því sem búið er að bóka á áfallið orlof á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019. Að teknu tilliti til þess þá eru launagjöld án lífeyrisskuldbindingar tæpum 23 m.kr. yfir áætlun (2,3%). Jafnframt verður að hafa í huga að veikindapotturinn fyrir árið er, að óbreyttu, 40 m.kr. og eftir á að taka tillits til hans í þessum



Akraneskaupstaður

tölum þ.e. með jafnri dreifingu út árið kæmi þá yrðu 10 m.kr. ráðstafað á fyrstu 3 mánuði ársins. Þess má einnig geta að launaáætlunin byggir í mörgum tilvikum á dreifingu síðasta árs, þ.e. hvað veikindi og yfirvinnu varðar og sú dreifing þarf ekki endilega að endurspegla dreifingu þessa árs.

Helstu frávik á þjónustu og orkukaupum eru meðal annars þau að áætlað var fyrir flóasiglingar á tímabilinu sem nemur 3,9 m.kr. en einnig er meðal annars búið að bóka minna á tölvu- og hugbúnaðarþjónustu hjá skrifstofu sveitarfélagsins en áætlað var á tímabilinu.

Gjöld samtals	Bókað	Áætlun	Frávik í kr.	Frávik í %
Launagjöld án lífeyrisskuldbindingar	1.002.849.403	968.308.134	34.541.269	3,6%
Lífeyrisskuldbinding	104.908.101	104.866.137	41.964	0,0%
Vörukaup	55.615.296	54.366.957	1.248.339	2,3%
Þjónustu- og orkukaup	266.832.086	281.198.257	-14.366.171	-5,1%
Styrkir og framlög	121.352.551	130.128.299	-8.775.748	-6,7%
Eignakaup	0	127.125	-127.125	-100,0%
Annar rekstrarkostnaður	0	1.374.450	-1.374.450	-100,0%
Samtals	1.551.557.437	1.540.369.359	11.188.078	0,7%

Afskriftir tímabilsins námu 46,6 m.kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir 48,5 m.kr.

Fjármagnstekjur tímabilsins námu samtals 26 m.kr. og fjármagnsgjöld sama tímabils námu samtals 21,2 m.kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu samtals 4,7 m.kr. og eru því -4,3 m.kr. undir áætlun tímabilsins.

Framlegð A-hluta á tímabilinu eða EBITDA nam því rúmum 152 m.kr. og er rúmum 24 m.kr. undir áætlun en áætlanir gerðu ráð fyrir því að framlegð A-hlutans myndi nema 176 m.kr. og er framlegðarhlutfall tímabilsins (EBITDA framlegð) því 8,9% á tímabilinu en áætlanir höfðu gert ráð fyrir því að framlegðarhlutfall A-hlutans myndi nema 10,3%.

Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra rekstrarfjármuna í lok tímabilsins (31.3.2019) nam 4.672 m.kr. og eru varanlegir rekstrarfjármunir því að aukast um rúmar 35 milljónir króna frá árslokum 2018 eða sem nemur 0,8%. Helsta breyting þar er sú að jákvæð eignabreyting á tímabilinu nemur 74 m.kr. og er það að mestu tilkomið vegna framkvæmda á Frístundahúsi sem nemur 44 m.kr. sem og framkvæmda við Fimleikahús að fjárhæð 28 m.kr.

Áhættufjármunir og langtímakröfur nema 5.953 m.kr. í lok tímabilsins og lækka því um rúmar 16 m.kr. frá árslokum 2018 eða sem nemur -0,3% og er sú breyting tilkomin vegna lækkunar á langtímakröfum (-16,7 m.kr.). Fastafjármunir í lok tímabilsins nema samtals 10.625 m.kr. og hækka því um rúmar 19 m.kr. frá árslokum 2018 eða sem nemur 0,2%.



Akraneskaupstaður

Vörubirgðir nema í lok tímabilsins kr. 664.794 og eru óbreyttir frá áramótum 2018.

Skammtímakröfur samtals í lok tímabilsins nema 975 m.kr. en námu 1.154 m.kr. í árslok 2018 og lækka því um 178 m.kr. eða sem nemur -15,4%. Þar af lækka óinnheimtar tekjur um 192 m.kr. og er það að mestu tilkomið vegna þess að Þjónustusvæði Vesturlands málefni fatlaðra var búið að senda okkur endanlegar tölur fyrir rekstrarárið 2018 en var ekki búið að greiða þá fjárhæð til sveitarfélagsins (166,8 m.kr.).

Bankainnistæður námu 2.260 m.kr. í lok tímabils og hafa því aukist um 250 m.kr. frá árslokum 2018 eða sem nemur 12,5%. Veltufjármunir samtals í lok tímabils nema 3.236 m.kr. og hafa aukist um 72 m.kr. frá árslokum 2018 eða sem nemur 2,3%. Bókfært virði eigna í lok tímabils nemur 13.861 m.kr. og hækka því um 91 m.kr. frá árslokum 2018 (0,7%).

Veltufjárhlutfall A-hluta í lok tímabils, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtíma skuldum, nemur 2,9 og er A-hlutinn því mjög vel hæfur til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu 12 mánuðum. Eiginfjárhlutfall A-hluta nemur 55% í lok tímabilsins. Skuldahlutfallið er því 45% í lok tímabilsins.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur 266 m.kr., breytingar á skammtímalíðum eru jákvæðar og nema samtals tæpum 140 m.kr. og er handbært fé frá rekstri því jákvætt á tímabilinu og nemur 406 m.kr. Sú breyting á skammtímalíðum þ.e. breyting á skammtímakröfum sem nemur 175 m.kr. er að mestu leyti tilkomin þar sem að óinnheimtar tekjur hjá Aðalsjóð eru að lækka um 210 m.kr. og nema óinnheimtar tekjur í lok tímabils hjá Aðalsjóð 479 m.kr. en námu 689,5 m.kr. í árslok 2018.

Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -62,3 m.kr., þar af er fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir samtals -74 m.kr. sem breytir þar mestu um sbr. framkvæmdir á Frístundahúsi (44 m.kr.) og framkvæmdir við Fimleikahús (28 m.kr.).

Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals 93,2 m.kr. en þar af er greidd lífeyrisskuldbinding að fjárhæð -31,4 m.kr. sem og afborganir langtímalána að fjárhæð -66,7 m.kr. Handbært fé hækkar því um 250 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 2.260 m.kr. en nam 2.009 m.kr. í árslok 2018.

B-hluti

Rekstrarreikningur

Tekjur B-hluta námu samtals 269 m.kr., þar af námu tekjur hjá Höfða dvalar- og hjúkrunarheimili 246 m.kr. og tekjur hjá Gámu námu 22,5 m.kr., en áætlanir höfðu einmitt



Akraneskaupstaður

gert ráð fyrir að tekjur B-hlutans samtals myndu nema 269,4 m.kr. og voru því tekjur 646 þ.kr. undir því er áætlað var eða sem nemur -0,2%.

Gjöld B-hlutans á sama tímabili, án afskrifta og fjármagnsliða, námu samtals 241,6 m.kr. og voru því 3,4 m.kr. undir því er áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Helstu frávik á gjöldum eru þau að þjónustu- og orkukaup voru 3,4 m.kr. undir því er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur -8,2%.

Afskriftir tímabilsins námu 6,6 m.kr. og fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, námu samtals kr. 832.500. Rekstrarniðurstaða B-hlutans á tímabilinu er því jákvæð sem nemur 19,7 m.kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 16,9 m.kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði nam 20,6 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 17,8 m.kr. í rekstrarhagnað fyrir fjármagnsliði.

Framlegðarhlutfall B-hlutans nemur því 10,1% á tímabilinu en áætlanir gerðu ráð fyrir 9,0%.

Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins nam 533,5 m.kr. og hækkar því um 5,6 m.kr. frá árslokum 2018, þar af hækkar bókfært virði véla, áhalda og tækja um 5 m.kr. Engir áhættufjármunir og langtímakröfur eru bókfærðir í B-hlutanum og því eru fastafjármunir samtals í lok tímabilsins 533,5 m.kr. og hækka um 5,6 m.kr. frá árslokum 2018 (1,1%).

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema 30 m.kr. en námu 18,7 m.kr. í árslok 2018 og hækka því um 11,3 m.kr. Helsta breytingar eru þær að viðskiptakröfur samstæðu A-hluta aukast um 14,3 m.kr. hjá Gámu. Handbært fé nemur í lok tímabils 155 m.kr. og lækkar því um tæpar 23 m.kr. frá árslokum 2018. Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 185,3 m.kr. og lækka því um 11,7 m.kr. frá árslokum 2018. Bókfært virði eigna í lok tímabils nemur 718,8 m.kr. en nam 724,8 m.kr. í árslok 2018.

Veltufjárhlutfall B-hluta í lok tímabils nemur 1,2 en var 1,0 í árslok 2018. Eiginfjárhlutfall B-hluta nemur 38% í lok tímabilsins en nam 33% í árslok 2018.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri B-hlutans á tímabilinu nemur 13,1 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema -11,2 m.kr. og nemur handbært fé frá rekstri á tímabilinu því 1,9 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema 666 þúsundum króna. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -8,3 m.kr. þar af nema afborganir langtímalána -10,4 m.kr. og breyting á eigin fyrirtækjum 2 m.kr. Handbært fé lækkar því um 7,1 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabils 87 m.kr. en nam rúmum 94 m.kr. í árslok 2018.



Samstæða

Rekstrarreikningur

Tekjur samstæðunnar námu rúmum 1.948 m.kr. á tímabilinu en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 1.962 m.kr. og eru tekjur því samtals 13,5 m.kr. undir áætlunum eða sem nemur -0,7%. Helstu frávik eru þau að endurgreiðslur tímabilsins eru 25,3 m.kr. undir áætlun tímabilsins og skýrist það frávik af áætluðum tekjum vegna Dalbrautarreits sem eru dreifðar á verktímabilið en erfitt er að spá fyrir um raun framgöngu verksins og þar af leiðandi greiðslur af verkefninu sem eru greiddar í áföngum.

Tekjur samtals	Bókað	Áætlun	Frávik í kr.	Frávik í %
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs	-1.208.910.451	-1.207.156.578	-1.753.873	0,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	-291.166.860	-290.161.656	-1.005.204	0,3%
Arður af eignum	-17.950.463	-17.550.947	-399.516	2,3%
Endurgreiðslur	-34.676.281	-59.970.215	25.293.934	-42,2%
Aðrar tekjur	-395.671.493	-387.036.244	-8.635.249	2,2%
Samtals	-1.948.375.548	-1.961.875.640	13.500.092	-0,7%

Gjöld samstæðu, án afskrifta og fjármagnsliða, á sama tímabili námu samtals 1.769 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 1.761 m.kr. og eru gjöld tímabilsins því 8 m.kr. yfir því er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur 0,5%.

Helstu frávik í gjöldum samstæðunnar eru þau að launagjöld án lífeyrisskuldbindinga eru 34,5 m.kr. yfir áætlun tímabilsins eða sem nemur 3,0%, sjá nánari skýringu á frávik í A-hluta en að teknu tilliti til áfallins orlofs þá eru launagjöld án lífeyrisskuldbindinga tæpum 23 m.kr. umfram áætlun (2,0%). Þjónustu og orkukaup eru rúmum 17 m.kr. undir áætlun tímabilsins þar sem nokkrar framkvæmdir eru komnar styttra á veg en áætlanir gerðu ráð fyrir á þessum tímamarki.

Styrkir og framlög eru 8,8 m.kr. undir áætlun tímabilsins en það frávik skýrist meðal annars af því að áætluð fjárhagsaðstoð er undir áætlun (-2 m.kr.) sem og málefni fatlaðra sem er -6 m.kr. undir áætlun tímabilsins.

Gjöld samtals	Bókað	Áætlun	Frávik í kr.	Frávik í %
Launagjöld án lífeyrisskuldbindingar	1.187.846.129	1.153.304.860	34.541.269	3,0%
Lífeyrisskuldbinding	105.399.501	105.357.339	42.162	0,0%
Vörukaup	74.087.118	72.914.637	1.172.481	1,6%
Þjónustu- og orkukaup	280.298.501	297.705.818	-17.407.317	-5,8%
Styrkir og framlög	121.352.551	130.128.299	-8.775.748	-6,7%
Eignakaup	0	127.125	-127.125	-100,0%
Annar rekstrarkostnaður	127.501	1.501.951	-1.374.450	-91,5%
Samtals	1.769.111.301	1.761.040.029	8.071.272	0,5%



Akraneskaupstaður

Afskriftir tímabilsins námu samtals 53,2 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 55 m.kr.

Fjármagnstekjur tímabilsins námu 26 m.kr. á tímabilinu og fjármagnsgjöld á sama tíma námu 22 m.kr. Fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, námu því samtals 3,9 m.kr. en áætlanir tímabilsins gerðu ráð fyrir að fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld myndu nema 8,2 m.kr.

Framlegð tímabilsins eða EBITDA tímabilsins nemur því samtals 180 m.kr. og framlegðarhlutfallið (EBITDA hlutfall) nemur 9,2% hjá samstæðunni en áætlanir gerðu ráð fyrir því að framlegðin myndi nema tæpum 201 m.kr. og að framlegðarhlutfallið myndi nema 10,2%. Framlegð tímabilsins er því tæpum 22 m.kr. undir því er áætlanir gerðu ráð fyrir eða - 1,0%.

Rekstrarniðurstaða samstæðu á tímabilinu nemur því 130,3 m.kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 154 m.kr. og er rekstrarniðurstaða samstæðunnar því 24 m.kr. undir því er áætlanir gerðu ráð fyrir.

Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins nema 5.206 milljónum króna og hækka því um 41 m.kr. frá árslokum 2018 eða sem nemur 0,8%. Helstu breytingar eru þær að eignabreytingar tímabilsins nema 74 m.kr. og munar þar mest um framkvæmdir á Frístundahúsi að fjárhæð 44 m.kr. og framkvæmdir við Fimleikahús sem nemur samtals 28 m.kr.

Áhættufjármunir og langtímakröfur námu samtals kr. 5.645 m.kr. í lok tímabilsins og lækka því um 16,5 m.kr. frá árslokum 2018 og er þar um 16,7 m.kr. lækkun á langtímakröfum að ræða.

Fastafjármunir í lok tímabilsins nema samtals 10.851 m.kr. og hækka um 25 m.kr. frá árslokum 2018 eða sem nemur 0,2%.

Vörubirgðir nema kr. 664.794 í lok tímabils og breytast ekki frá áramótum 2018.

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema 982 m.kr. en námu 1.149 m.kr. í árslok 2018 og lækka því um 167 m.kr. (sjá frekari sundurliðun í A-hluta, þ.e. vegna Þjónustusvæði Vesturlands málefni fatlaðra). Handbært fé í lok tímabilsins nemur 2.415 m.kr. og hefur því hækkað um 227 m.kr. frá árslokum 2018 eða sem nemur 10,4%.

Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 3.398 m.kr. og hækka um 60 m.kr. frá árslokum 2018. Bókfært virði eigna í lok tímabils nemur 14.249 m.kr. og eykst um 0,6%.

Veltufjárhlutfall samstæðu í lok tímabils nemur 2,7 en nam 2,5 í árslok 2018 og er samstæðan því vel hæf til að inna af hendi allar nauðsynlegar greiðslur á næstu 12 mánuðum. Eiginfjárhlutfall samstæðu nemur 54% í lok tímabilsins og skuldahlutfall nemur 46%.



Skuldir og eigið fé

Eigið fé nemur í lok tímabils 7.644 m.kr. en nam 7.502 m.kr. í árslok 2018 og eykst því um 142 m.kr. á tímabilinu. Lífeyrisskuldbinding nemur í lok tímabils 3.986 m.kr. og hækkar því um sem nemur 76,4 m.kr. á tímabilinu (2,0%).

Langtímaskuldir nema í lok tímabils 1.382 m.kr. og lækka um 57,6 m.kr. frá árslokum 2018 eða sem nemur -4,0% en þar af lækka skuldir við lánastofnanir um 56,6 m.kr.

Skammtímaskuldir nema samtals 1.236 m.kr. í lok tímabils og lækka því um 5,7% eða um 75 m.kr.

Skuldir og skuldbindingar samtals í lok tímabils nema samtals 6.604 m.kr. en námu 6.661 m.kr. í árslok 2018 og lækka því um 56 m.kr. eða sem nemur -0,8%. Skuldir og eigið fé nema í árslok 14.249 m.kr. og aukast því um 85 m.kr. á tímabilinu eða sem nemur 0,6%.

Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri nema 5,8 en námu 1,9 í árslok 2018, sú hækkun er eðlileg þar sem hlutfallið nú miðast við 3 mánuði ársins, þ.e. veltufé frá rekstri fyrir þrjá mánuði ársins en hlutfallið 1,9 miðar við veltufé frá rekstri fyrir tólf mánuði ársins.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur 279 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema samtals 129 m.kr. og er handbært fé frá rekstri á tímabilinu því jákvætt sem nemur 408 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -63 m.kr., þar af nemur fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum -75 m.kr. en breyting á langtímakröfum 20 m.kr. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -101 m.kr. en þar af er greidd lífeyrisskuldbinding sem nemur -31,4 m.kr. og afborganir langtímalána að fjárhæð -77,1 m.kr. Handbært fé hækkar því um 243 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 2.347 m.kr. en nam 2.103 m.kr. í árslok 2018.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Þorgeir Harsteinn Jónsson
Fjármálastjóri
